

Aðalfundur Góðvina 17. nóvember 2011

kl. 16:30 – 17:30

Fundargerð

1. Dagmar Ýr Stefánsdóttir, fundarstjóri setti fundinn og því næst flutti Andrea Hjálmsdóttir, formaður skýrslu stjórnar. Þar greini hún frá vinnu Góðvina á árinu 2010 en starfsemin var með rólegasta móti. Stærstu verkefni voru söfnun netfanga hjá meðlimum félagsins svo hægt sé að vera í sambandi við þá rafrænt. Þá gáfu Góðvinir, ásamt FSHA, háskólanum glæsilega veggklukku að gjöf í tilefni af opnun nýbyggingar í ágúst 2010. Uppsetningu á klukkunni er ekki enn lokið, vísarnir eru komnir upp en umgjörðina vantar. Þá sagði Andrea frá verðlaunaafhendingu Góðvina við Háskólahátíð 2010. Að auki greindi hún frá þátttöku Góðvina í móttöku síðustu háskólahátíðar í júní árið 2011. Þá var afmælisárgöngum boðið til kaffisamsætis í nýja hátíðarsalnum ásamt nýstúdentum. Þetta þótti lukkast vel og Góðvinir reikna með halda þessu áfram. Fréttabréf Góðvina fyrir árið 2010 kom út í nóvember 2011 og náði því til bæði 2010 og 2011. Í stjórninni árið 2010 störfuðu: Andrea Hjálmsdóttir, Ragnar Sigurðsson, Oktavía Jóhannesdóttir, Steinunn Aðalbjarnardóttir og Birna Blöndal. Starfsmaður Góðvina er Dagmar Ýr Stefánsdóttir.
2. Næst á dagskrá var að ræða það sem framundan er hjá Góðvinum. Sendir verða út greiðsluseðlar í endaðan nóvember. Þá á að reyna að tengja Góðvini enn frekar inn í almenna starfsemi í háskólanum og fjölga útgáfu vefréttabréfa svo félagar í Góðvinum séu í betri tengslum við háskólann.
3. Steinunn Aðalbjarnardóttir, staðgengill gjaldkera fór yfir ársreikning félagsins (sjá nánar í glærum frá aðalfundi).
4. Þá voru teknar fyrir breytingar á samþykktum félagsins. Þriðju grein var breytt svo að nú munu brautskráðir nemendur byrja að greiða félagagjald til félagsins ári eftir brautskráningu í stað tveggja. Þetta er gert til að auðvelda utanumhald um félagatal. Eftir sem áður er það svo að þeir sem ekki greiða félagagjaldið segja sig þar með úr félaginu. Þá var einnig gerð breyting á fimmtu grein samþykktanna þannig að allir stjórnarmenn séu kosnir á aðalfundi til eins árs í senn (utan við fulltrúa frá FSHA og háskólaráði sem eru valdir þar) í stað þess að tveir þeirra séu kosnir til tveggja ára eins og áður sagði.
5. Andrea Hjálmsdóttir var kjörin formaður stjórnar Góðvina og í stjórn voru kosin þau: Eyrún Elva Marinósdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson. Steinunn Aðalbjarnardóttir mun áfram sitja fyrir háskólaráð en enn er óljóst hver verður fulltrúi FSHA. Í varastjórn bauð Valgerður Sverrisdóttir sig fram á fundinum og var kjörin, þá fékk stjórnin umboð fundarins til að leita annars varamanns. Óskar Þór Vilhjálmsson verður áfram varamaður Steinunnar en óljóst er hver verður varamaður fulltrúa frá FSHA.

6. Rúnar Þór Sigursteinsson og Ólafur Búi Gunnlaugsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga og fulltrúaráðið var endurkjörið.
7. Ákveðið var að hafa árgjaldið hið sama og fyrr eða 2500 kr. Seðlar verða sendir út í lok nóvember.
8. Önnur mál voru ekki á dagskrá og fundi slitið.

Eftir fundinn gaf Agnes Eyfjörð kost á sér sem annar varamaður í stjórn Góðvina og stjórnin bað hana því að taka hlutverkið að sér.

Fundargerð ritaði:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir